




## Leiðbeiningar fyrir Zotero heimildarskráningarforritið

### Að sækja Zotero heimildaskráningaforritið:

Það er mælt með að þið notið annað hvort **Chrome** eða **Firefox** til að hlaða niður forritinu.


#### 1 Farið á **zotero.org**

Það er ágætis hugmynd að búa til eigin reikning því þá eruð þið ekki háð því að vera alltaf í sömu tölvunni.




#### 2 Farið hér á Download.


Þá kemur upp þessi mynd fyrir Mac en fyrir þá sem eru með PC tölvu kæmi þá **Zotero for Windows**. Þið setjið þetta upp eins og hvert annað forrit.



### 3 Þegar þið eruð búin að hlaða því niður skuluð þið fara aftur á sömu síðuna og sækja Zotero Connector



Þá ætti þessi gluggi að koma upp.  
Hakið við **Pin extension to toolbar** og ýtið á **ok**.



Ef glugginn kemur ekki upp þarf að fara í vafrann og efst í hægra horninu kemur púsl tákn




Smellið á það og sakið "Connectorinn".

Núna er það eina sem þið þurfið að gera þegar þið eruð að sækja síður er að smella á þennan hnapp




eða þennan



Hann breytist eftir því á hverskonar síðu þið eruð á en það er alltaf hægt að finna hnappinn aftur með því að setja músina yfir þá kemur "save to Zotero".


## Að vista gögn af netinu:

### 1 Til að byrja með er best að búa til möppu fyrir hvert verkefni - það gerum við hér.




Ég er búin að ákveða að gera ritgerð um Alvar Aalto þá skíri ég möppuna það.


Þið getið skráð gögnin frá grunni með því að ýta hér og velja það sem þið eruð með og fylla út þær upplýsingar sem þið hafið.



## 2 Hérna er ég búin að finna bók sem ég ætla að vista í Zotero í gegnum **leitir.is**




Þá smelli ég á bókina smelli svo hér á bókartáknið efst til hægri, þá eigið þið að geta vistað þetta í Alvar Alto möppuna.




## Að gera tilvísanir og heimildaskrá í word:

1 Til þess að setja inn **tilvísun** setjið þið einfaldlega bendilinn þar sem tilvísunin á að koma farið svo í zotero flippann



Smellið svo á **Add/edit citation**. Í netútgáfu Word kemur ekki upp þessi valmynd heldur kemur felligluggi.


**2** Í fyrsta sinn sem þið gerið þetta kemur upp valgluggi þar sem þið veljið heimildar-skráningarstaðal. Hér í Listaháskólunum myndu þá allar deildir nema listkennslan velja Chicago 18. útgáfa (notes and bibliography)



en listkennsludeild velur þá APA 7. útgáfa.


Ef þessi valgluggi kemur ekki af sjálfu sér þá þurfið þið að fara í Settings og Cite og ná í staðalinn þar.

**3** Þá er númer eitt komið hér og tilvísunin komin hér



Það er mjög mikilvægt að fara yfir allar tilvísarnir því stundum koma þær ekki rétt út, sérstaklega ef höfundur er íslenskur. Hér í dæminu fyrir ofan er tilvísunin stytt og þarna vantar blaðsíðutal.

**4** Nú er ég búin að setja inn allar þær tilvísanir sem ég vil hafa og þá er kominn tími til að setja inn heimildaskrána. Það gerum við einfaldlega með því að setja bendilinn þar sem heimildaskráin á að koma í Word skjalinu fara svo hér í **Add/edit bibliography** þá kemur heimildaskráin hér.



**En munið það þarf alltaf fara yfir allar skráningar!**